

Burðarmálskrampar á Íslandi Eclampsia

Klínísk, tölfræðileg lýsing á tímabilinu 1982-2022 á Landspítala

Sunneva Roinisdóttir¹, Haukur Hjaltason^{1,3}, Jóhanna Gunnarsdóttir^{1,2},

Póra Steingrímsdóttir^{1,2}

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Kvennadeild Landspítala, ³Taugalækningadeild Landspítala

Inngangur: Burðarmálskrampi (eclampsia) er alvarlegur fylgikvilli meðgöngu og fæðingar. Meðgöngueitrun er talin vera forstig hans og meðgöngueftirlit því mikilvægur þáttur í forvörnum. Markmið rannsóknarverkefnisins voru að kanna tíðni burðarmálskrampa á Landspítala, tímasetningu krampann út frá fæðingu, merkjum meðgöngueitrunar fyrir krampann, greiningu taugasjúkdóma síðar meir og tíðni mæðradauða innan 42 daga frá krampa.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknarþýðið samanstóð af konum greindum með eclampsíu á árunum 1982 – 2022 á Landspítala. Fjörutíu kennitölur fundust og var upplýsingum safnað úr sjúkraskráum þeirra kvenna. Sjö kennitölur voru útilokaðar vegna ranggreiningar. Gagnaskráning fór fram í Excel og tölfræðiúrvinnsla í Rstudio.

Niðurstöður: Tíðni eclampsíu á Landspítalanum var ~1:5000 fæðingum, þ.e. 33 tilfelli af 172.153 fæðingum og tíðnin var jöfn á rannsóknartímanum (bil: 0-3 á ári). Hlutfall krampa við burðarmál var 52% fyrir fæðingu, 27% í fæðingu og 21% eftir fæðingu. Greindar með meðgöngueitrun voru 25 konur. Níu konur höfðu engin einkenni eða merki háþrýstings á meðgöngunni og af þeim voru flestar (4) sem féllu undir síðasta fjórðung rannsóknartímabilsins, 2013-2022. Fimm konur greindust með taugasjúkdóm eða fengu einkenni frá taugakerfi síðar meir. Allar konur (n=32) sem upplýsingar fundust um voru lifandi 42 dögum eftir krampann.

Ályktun: Tíðni eclampsíu var jöfn á rannsóknartímabilinu. Flestar konur krampa fyrir fæðingu sem samræmist niðurstöðum eldri rannsókna. Hlutfall þeirra kvenna sem krampa án einkenna/merkja háþrýstings á meðgöngu fellur að tilgátum rannsókna fyrir upphaf rannsóknar, þ.e. að hlutfall þeirra hafi hækkað með árunum. Það er mögulega til vitnis um árangursríkar forvarnir. Fáar konur greinast með taugasjúkdóm eða fá einkenni frá taugakerfi síðar á ævinni og allar konur sem upplýsingar fengust um eru enn lifandi.